

Hvalvatn
(og Reyðarvatn)

B 2 M 90 B.þ.

MÁLASAFN

9422 111

Nekkrar athuganir viðvíkjandi sam-
vinnu milli Sogsvirkjunarinnar og
virkjunar við Hvalvatn.

Inngangur.

Virkjanleg fallhað við Hvalvatn er um 330 m. Geri maður ráð fyrir að nýtilegt afl (P) ákveðist af líkingunni $P = 7 \cdot Q \cdot h$ kW mótsvarar hver teningsmeter í Hvalvatni orkunni:

$$\frac{7 \cdot 330 \cdot 1}{3600} = 0,642 \text{ kwst.}$$

Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hefur með stuðningi af vatnsmælingum í Fjarðará við Seyðisfjörð o.fl. gizkað á rennsli Hvalvatns fyrir árin 1931-1942 (12 ár). Samkvæmt þeim ágizkunum er þá rennslið malt í kwst. eins og meðfylgjandi tafla sýnir (tafla 1).

Það er erfitt að gera sér grein fyrir orkubörfinni (hversu mikil hún er, hvernig hún skiftist hlutfallslega milli hinna mismunandi tíma ársins, hver nýtingartíminn er o.sv.fr.), pótt ekki sé nema um nánustu frantið að reða. Þegar athugað skal hversu mikið megi eða skuli virkja við Hvalvatn ef sú virkjun vinnur í sambandi við Sogsvirkjunina (og jafnvel aðrar virkjanir að auk) verður maður því að ganga út frá mismunandi forsendum viðvíkjandi orkubörfinni og gera ráð fyrir mismunandi stórum virkjunum í Sogi. Með stuðningi slikra

reikninga og auk þess náttúrlega athuganna á hinni fjárhagslegu hlið málsins mundi maður því næst reyna að draga réttar ályktanir, santímis því sem maður hefði í huga að tölurnar um rennsli Hvalvatns eru ágizkun ein.

Hér skal athugaður að nokkru leyti einn þeirra möguleika sem komið getur til greina í nánustu framtíð nefnilega að virkjun við Hvalvatn vinni í sambandi við Sogsvirkjunina eina saman í því formi sem hún er nú.

Forsendur.

1) Sogsvirkjunin tekur allt álag fyrir neðan 15,000 kW mánuðina sept.- maí og allt álag fyrir neðan 10,000 kW mánuðina júní - ágúst. Virkjunin við Hvalvatn tekur allt álag sem umfram er á hverjum tíma.

2) Árið er talið byrja 1 des. og skiftist í 4 hluta þannig:

des. jan. febr. = vetur

marz apríl maí = vor

júní júlí ágúst = sumar

sept. okt. nóv. = haust

Hvert "einingartímabil" er þannig 3 máð. í rauninni atti maður við reikninga þá sem fara á eftir að athuga vatnsrennsli, orkuþörf o.sv.fr. frá máð. til máð. en með tilliti til þess hvað forsendurnar eru ó öruggar bykir ekki ástæða til að velja tímabilin styttri en 3 máð.

3) Nýtingarstuðlar o.sv.fr. ástlast sem hér segir:

Orkuframl. í %
af ársframl.

		ξ	ξ_0
Vetur	31	0,625	0,15
Vor	25	0,525	0,15
Sumar	17	0,500	0,15
Haust	29	0,600	0,15
Árið	100	0,500	0,10

Hér er:

ξ = nýtingarstuðull mesta álags

ξ_0 = hlutfallið milli minsta og mesta álags

- 4) Gert er ráð fyrir að langægislína álags ákveðist af líkingunni:

$$y = 1 - (1 - \xi_0) (1 - t)^{\frac{\xi - \xi_0}{\xi}}$$

Langægislinan fyrir allt árið t.d. verður þá:

$$y = 1 - 0,9 (1 - t)^{0,8}$$

- 5) Rennsli Hvalvatns er samkvæmt töflu 1 og endurtekur sig óbreytt á 12 ára fresti.

Reikningar o.fl.

- A) Við gerum ráð fyrir að virkjuð séu 10.000 kW við Hvalvatn og þannig:

Mesta álag ársins 25,000 kW

Orkuframl. " 110.000.000 kwst

Hvalvatn þarf þá að skila þeirri orku sem hér segir:

Vetur	Vor	Sumar	Haust	Árið
kwst. 6.500.000	2.000.000	2.000.000	5.500.000	16.000.000

Nýtingarstuðull Hvalvatns (miðað við allt árið) verður því:

$$\frac{16.000.000}{10.000.8760} = 0,183$$

og nýtingarstuðull Sogsins:

$$\frac{94.000.000}{15.000 \cdot 8760} = 0,715$$

Hvað þarf nú vatnsgeymirinn í Hvalvatni að vera stórr til þess að ekki verði vatnsskortur? Geri maður ráð fyrir að geymirinn sé fullur þegar stöðin tekur til starfa sýnir það sig að hann þarf að vera 8.000.000 kwst eða 12.5 milj. teningsmetrar. Taki maður ekki tillit til verstu setta einingartímabilsins nefnilega þess tímabils sem mótsvarar vetrinum 1937 (sjá töflu 1) þarf geymirinn ekki að vera nema 8 milj. teningsmetrar og sleppi maður einu slámu einingartímabili í viðbót (veturinn 1936) þarf hann ekki að vera nema rúmir 6 milj. teningsmetrar. Af þessu er augljóst að sé gengið út frá þeim forsendum sem að framan greinir er vatnsgeymir upp á 12,5 milj. teningsmetra mjög riflegur hér (fjöldi athugaðra einingartímabila er nefnilega 48)

B) Við gerum ráð fyrir að virkjuð séu í Hvalvatni 15,000 kw. og þannig:

Mesta álag ársins 30.000 kw

Orkuframl. " 131.000.000 kwst.

Hvalvatn þarf þá að skila þeirri orku sem hér segir:

Vetur	Vor	Sumar	Haust	Árið
kwst. 12.000.000	4.500.000	4.500.000	10.000.000	31.000.000
Nýtingarstuðull Hvalvatns verður því 0,236 og nýtingarstuðull Sogsins 0,760.				

Gerí maður eins og að framan ráð fyrir að geymirinn sé fullur þegar stöðin tekur til starfa þarf hann að vera 18.000.000 kwst. eða 28 milj. teningsmetrar. Sleppi maður versta einingartímabilinu þarf geymirinn að vera rúml. 23 milj. teningsmetrar og sleppi

atli maður að nota 100% (45 milj. kwst) mótsvarar það 19000 kw. við Hvalvatn. Þarf þá geymirinn að vera mjög stór (45-50 milj. teningsmetrar), því ekki vatn má tapast.

maður einu einingartímabili í viðbót þarf hann að vera 20 milj.

teningsmetrar. Hér er því geymir upp á 28 milj. teningsmetra vel riflegur. Samkv. töflu I er meðalrennsli Hvalvatns um 45.000.000 kwat. á ári. Við 15.000 kw. virkjun mündi maður því á þennan hátt nota 70% af vatnsrennslinu.^{x)}

- c) Hugsum okkur að við Hvalvatn varu virkjuð 15.000 kw á þann hátt sem að framan getur. Hvaða áhrif mundi það þá hafa ef virkjuð varu til viðbótar 15.000 kw í Sogi en Hvalvatn yrði sem áður notað sem toppatöð?

Þá fengist:

Mesta álag áreins = 45.000 kw

Orkuframl. " = 197.000.000 kwst.

og sú orka sem Hvalvatn þarf að skila af sér

Vetur	Vor	Sumar	Hauet	Árið
kwst.8.500.000	1.500.000	2.500.000	6.500.000	19.000.000

Nýtingarstuðull Hvalvatns verður 0,145 og nýtingarstuðull Sogsins 0,675. Bauðsynlegur vatnsgeymir verður 17 milj. teningsmetrar og ef tveimur erfiðustu einingartímabilunum er sleppt 10 milj. teningsmetrar.

Af þessu getur maður dregið eftirfarandi í rauninni augljósu ályktun. Virki maður einhvern ákveðinn kw-fjölda við Hvalvatn verður við óbreytta langagislínu álags að orka sem Hvalvatn þarf að skila af sér minni því sterri sem virkjanirnar í Sogi eru en engu að síður kemur þessi ákveðni kw-fjöldi að fullum notum sem toppafl reiknað. Nýtingartími beggja stöðva minkar aftur á móti þar sem Sogið tekur hér hluta af þeirri topporku sem Hvalvatn annaðist um áður. Þetta þýðir að þegar virkjanir aukast í Sogi er einnig hagt að auka virkj-

1)

Samkv. B-er ekki stærri virkjun tímabær fyr en virkjanir í Sogi hafa verið auknar (við nýtingarstuðla samkv. forsendum)

unina við Hvalvatn.

Nú er það að vísu svo að því stærra sem kerfið verður því lengri verður að jafnaði nýtingartíminn. Af dæminu að framan sést að hann má gjarnan aukast töluvert og eru þó þeir nýtingarstuðlar sem gert hefur verið ráð fyrir háir. Í rauninni er það undir aukningu nýtingartímans komið hversu miklu er hægt að bæta við virkjanir við Hvalvatn eftir því sem kerfið í heild eykst. Hugsi maður sér að ráðist væri í einhvern iðnað eins og t.d. áburðar framleiðslu sem taki 7.000 kw allt árið um hring væri virkjun við Hvalvatn lítt til þess fallin að sjá þeim iðnaði farboða. Slik orkunotkun mundi í rauninni frá sjónarhól annara neytanda séð, á vissan hátt vera samþarileg við það að t.d. vél nr 3 við Ljósafoss væri alldrei notuð. Yrðu viðbótarvirkjanir fyrir slikann iðnað að vera í Sogi eða það spursmál að leysast á annan samþarilegann hátt. Fyrir þann hluta af orkuneyzlu kerfisins sem er þess allmenna eðlis sem gert hefur verið ráð fyrir í forsendunum að framan kemur aftur á móti "toppvirkjun" við Hvalvatn að tilsetluðum notum.

Maður spyr sig nú hvort óhátt væri að virkja þegar í stað t.d. 15.000 kw. við Hvalvatn án þess að vera hræddur um að þau kægu ekki að fullum notum sem toppafl. Hvað þá fyrst nýtingartímanum viðvíkur verða þeir nýtingarstuðlar sem gert hefur verið ráð fyrir að framan að teljast háir og er ekki líklegt að þeir verði öllu harri í nánustu framtíð. Hvað rennsli Hvalvatns viðvíkur er það ágizkun ein en sé vatnsgeymirinn um 27 milj. teningsmetrar er hann um 30% stærri en hann þarf að vera ef undan eru skilin 4% af því 12 ára tímabili sem ágizkunin um rennslið nær yfir.

Hvað loks hinni hlutfallslegu skiftingu orkuunar milli mismunandi árstíða viðvíkur eru þær tölur sem gert hefur verið ráð

fyrir að framan að sjálfsögöu ekki öruggar. Aftur á móti reiknuðum við ekki með Elliðaárstöðinni en sé tekið tillit til hennar má etla að sannilegt öryggi fáist þessu viðvíkjandi. Einnig ber að hafa í huga hvaða áhrif auknar virkjanir í Sogi hafa.

Ályktun.

Til þess að geta dregið ályktun um hversu mikið megi eða skuli virkja í Hvalvatni þarf eins og að framan getur viðtekari reikninga og athuganir en hér hafa verið gerðar og þá sérstaklega hvað hinni fjárhagslegu hlið málsins og varaaflí viðvíkur, en þessi atriði hafa ekki verið rædd hér þar sem einungis er um að ræða að gefa nokkra hugmynd um möguleikana á notkun Hvalvatns. Á þessu stigi málsins mun maður aftur á móti geta dregið þá ályktun að óhatt sé að virkja þegar í stað 20.000 hö. við Hvalvatn án þess að vera hræddur um að sú virkjun geti ekki komið að fullum notum sem toppstöð fyrir þá erkuneyzlu sem er þeirrar allmennu tegundar sem gert er ráð fyrir í forsendunum að framan. Annað mál er það svo hvort 20.000 ha. virkjun við Hvalvatn getur talist hagkvæm lausn nú, samanborið við aðrar lausnir.

Reykjavík, 27. mars 1944,

J. Brion

Tafla I

Ágizkun um renzli Hvalvatns fyrir árin 1931-1942.

Renzli í kwst.

	1931	32	33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	Meðaltal
Vetur	5,5	3	2,5	3	3	2,5	1,5	5	2,5	4,5	4,5	3	3,4
Vor	10,5	14,5	19,5	12	18,5	25	28	15,5	24	23	21	22	19,5
Sumar	22	7,5	14	17,5	18,5	16,5	22	9,5	8,5	6	11,5	20	14,5
Haust	13	7,5	8,5	7,5	4,5	2,5	4	11,5	6	11	10,5	10,5	8,1
Árið	51	32,5	44,5	40	44,5	46,5	55,5	41,5	41	44,5	47,5	55,5	45,4

Ath.

Vetur = des., jan., febr.

Vor = marz., apr., mai.

Sumar = júní, júlí, ág.

Haust = sept., okt., nóv.

Gera má ráð fyrir vatnsgeymir í Hvalvatni upp á a.m.k. 18. milj. kwst. p.e.a.s. 28 milj. teningsmetra, ef einn teningsmeter mótsvarar 0,642 kwst.